

From: [Innviðaráðuneyti](#)
To: [Innviðaráðuneyti](#)
Subject: Opinber grunnþjónusta - Leiðbeiningar um mótun og framkvæmd stefna
Date: miðvikudagur, 19. nóvember 2025 09:59:32

Erindi sent til allra sveitarfélaga

Innviðaráðuneytið, í samstarfi við Byggðastofnun, hefur gefið út skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu ásamt [leiðbeiningum fyrir stjórnvöld um mótun og framkvæmd stefna](#). Leiðbeiningarnar voru unnar á grundvelli aðgerðar A.15 á byggðaaáætlun, *Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis*. Verkefnið tengist jafnframt aðgerð 12 í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, *Lágmarkspjónusta sveitarfélaga*.

Ráðuneytið fól Byggðastofnun að vinna drög að skilgreiningu að leiðbeiningunum og voru þær unnar í samráði við ráðuneyti, sveitarfélög o.fl. og að auki lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda. Skilgreiningin er m.a. ætluð ríki og sveitarfélögum til leiðbeiningar við stefnumótun, framkvæmd stefna og við mat á áhrifum lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla eða stefnumarkandi ákvarðana hins opinbera.

Þá má minna á að haustið 2023 gaf IRN út [leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir við mótun stefnu um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi](#) í byggðum fjarri stærstu byggðakjörnum, en skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn móta slíka stefnu samhliða fjárhagsáætlun.

Kær kveðja,
starfsfólk innviðaráðuneytisins.